

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnu-
afurðum fyrir tímabilið 15. júlí til 31. desember 1978.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir tímabilið 15. júlí til 31. desember 1978:

Loðnumjöl, \$ 6.60 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 460.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkja-
dollar, \$ 1 = 259.80.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júlí 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

24. júlí 1978.

Nr. 265.

REGLUGERÐ

um Ferðamálasjóð.

1. gr.

Ferðamálasjóður er stofnaður samkvæmt 23. gr. laga um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976, og aflað tekna samkvæmt 25. gr. sömu laga.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu, með lánnum eða óafturkræfum framlögum, svo og að bæta á annan hátt með lánveitingum skilyrði til móttöku og aðbúnaðar fyrir ferðamenn.

3. gr.

Umsóknir um lán og framlög úr Ferðamálasjóði skulu sendar Ferðamálaráði Íslands, sem fjallar um þær á fundi og vísar þeim til stjórnarnefndar, sbr. næstu mgr., ef ástæða þykir til.

Sérstök þriggja manna stjórnarnefnd, sem kosin er af Ferðamálaráði og til sama tíma og ráðið, fjallar um umsóknirnar og gerir tillögur um einstakar lánveitingar og framlög til Ferðamálaráðs, sem afgreiðir þær á fundi.

Allar ákvarðanir Ferðamálaráðs um ráðstöfun fjár úr Ferðamálasjóði skulu lagðar fyrir samgönguráðherra til staðfestingar.